

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 388/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Vilhelmínu Eddu Lúðvíksdóttur

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Ölvun. Ökuréttarsvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærðu og af hálfu ákærvalds með stefnu 9. september 1993. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að svipting ökuréttar miðaðist við 5. maí 1992. Ákærða krefst sýknu.

Sýni var tekið úr blóði ákærðu hálfri klukkustund eftir umferðarslys það, sem um ræðir í málinu. Staðið var að töku og meðferð blóðsýnis með eðlilegum hætti, og hefur ekkert komið fram, er rýri sönnunargildi rannsóknarinnar. Magn alkóhóls í blóðsýninu mældist 1,12‰. Samkvæmt því er sannað, að ákærða ók undir áhrifum áfengis og braut með því gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Staðfesta ber refsíákvörðun í héraðsdómi og ákvæði hans um sviptingu ökuréttar, þó svo að hún teljist frá 5. maí 1992, er ákærða var svipt ökurétti til bráðabirgða. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Lögreglurannsókn í máli þessu er mjög ófullkomin. Engin skýrsla var tekin af bifreiðarstjóra S-511, og skýrsla af farþega, sem var í bifreiðinni, var ekki tekin fyrr en 13 mánuðum eftir slysið. Lögregluskýrsla var fyrst tekin af ákærðu 5. maí 1992. Þann dag var ákærða svipt ökurétti til bráðabirgða, en rétt hefði verið, úr því sem komið var, að það biði dóms í málinu, sbr. Hrd. 1991, 1632. Ákæra í málinu var ekki gefin út fyrr en 4. mars 1993. Átelja ber hina ófullkomnu lögreglurannsókn og drátt á málsmeðferð fram að útgáfu ákæru.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að svipting ökuréttar ákærðu telst frá 5. maí 1992.

Ákærða, Vilhelmína Edda Lúðvíksdóttir, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 13. ágúst 1993.

Mál þetta, sem tekið var til dóms mánudaginn 26. júlí sl., er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Höfn, dagsettu 4. mars 1993, á hendur „Eddu Lúðvíksdóttur, Hólum í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, kennitala 300830-4049, fyrir að aka að kvöldi laugardagsins 23. nóvember 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Z-3042 norður Hafnarbraut á Höfn“.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í upphaflegri ákæru var ákærða einnig ákærð fyrir að hafa ekið á bifreiðina S-511, þegar hún var að taka vinstri beygju af Hafnarbraut yfir á Vesturbraut, og valda þannig tjóni á bifreiðinni S-511 og líkamstjóni á tveimur farþegum hennar, en við munnlegan málflutning breytti fulltrúi ákæruvaldsins ákærunni þannig að þessi ákæruliður var felldur niður, en hann taldist í upphaflegu ákæruskjali varða við 3. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr., umferðarlaga nr. 50/1987. Ástæða þess, að ákæruvaldið féll frá þessum ákærulið, var að sögn sú, að aðalvitni ákæruvaldsins, ökumaður bifreiðarinnar S-511, sem ákærða lenti í árekstri við, er fluttur til Bandaríkjanna og kemur til með að vera þar a.m.k. næsta ár svo að fyrirsjáanlegt var, að það myndi hafa í för með sér verulegan drátt á rekstri málsins að reyna að fá vitnið hér fyrir dóm.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. nefndra umferðarlaga. Við munnlegan flutning málsins var þess krafist, að ákærða greiddi allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt framansögðu liggur nokkuð ljóst fyrir hverjir málavextir eru, og er það óumdeilt í málinu að ákærða fór að heiman frá sér um kl. 19.00 laugardaginn 23. nóvember 1991, akandi bifreiðinni Z-3042, og ók að versl-

uninni Hornabæ á Höfn, og þaðan mun hún hafa ekið norður Hafnarbraut og lent í árekstri við bifreiðina S-511 á gatnamótum Hafnarbrautar og Vesturbrautar.

Í framhaldi af þessu var ákærða flutt á heilsugæslustöðina á Höfn og þaðan með flugvél til Reykjavíkur.

Það sem deilt er um í málinu, er hins vegar það, hvort ákærða var undir áhrifum áfengis, þegar hún ók bifreiðinni Z-3042 í umrætt skipti.

Fyrir liggur í málinu á þar til gerðu hefðbundnu eyðublaði beiðni um töku blóðsýnis vegna alkóhólrannsóknar úr ákærðu, merkt nr. A-31, undirritað af Jóni Inga Björnssyni varðstjóra og einnig undirritað af Mána Fjalarsyni lækni og áritað af honum um, að hann hafi tekið blóðsýni samkvæmt þessari beiðni úr ákærðu laugardaginn 23. nóvember 1991 kl. 20.00.

Einnig liggur frammi í málinu beiðni til Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði um, að umrætt blóðsýni merkt nr. A-31, verði rannsakað, og er sú beiðni undirritað af Jóni Inga Björnssyni varðstjóra þann 23. nóvember 1991 og árituð af Rannsóknastofu háskólans 4. desember 1991 um, að mælst hafi 1,12 prómill af alkóhóli í blóðsýninu, og rita Kristín Magnúsdóttir og Þorkell Jóhannesson undir nefnda rannsókn fyrir hönd Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Með tilliti til framburðar vitna verður að teljast sannað, að áfengislykt var af ákærðu eftir að áreksturinn varð, og einnig verður að telja sannað með framburði vitna að ákærða hafði einkenni þess að hún væri undir áhrifum áfengis.

Mjög langt er liðið síðan hin kærða háttsemi átti sér stað, og því verður að telja eðlilegt að lækni, hjúkrunarkona og lögreglumenn muni ekki nákvæmlega hvernig staðið var að töku og sendingu blóðsýnisins, en þrátt fyrir það liggja þó fyrir hin skriflegu gögn. Verður ekki séð að meðferð og taka blóðsýnisins hafi á nokkurn hátt verið með öðrum hætti en venja er hér á landi.

Þrátt fyrir það að rannsókn lögreglu í máli þessu sé á margan hátt ábótavant, á það fyrst og fremst við um þann hluta ákærunnar sem fallið var frá við munnlegan flutning málsins.

Verður því samkvæmt framburði vitna og öðrum gögnum málsins að telja það sannað að ákærða ók bifreiðinni Z-3042 undir áhrifum áfengis nefnt sinn, og þykir háttsemin réttilega færð til 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærða hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 27.000 króna sekt til ríkissjóðs, og

komi 9 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er ákærða svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá 19. desember 1991, er hún var svipt ökuréttindum til bráðabirgða af sýslumanninum á Höfn. Hefur ákærða því þegar tekið út ökuleyfissviptingu sína.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákvarðast kr. 60.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 60.000.

Helgi Jensson, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Vilhelmína Edda Lúðvíksdóttir, greiði kr. 27.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi níu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá 19. desember 1991 að telja.

Ákærða greiði tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 60.000.
